



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

**Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ástæður þess að málefni skólamunasafns voru ekki á dagskrá**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 19. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað var eftir á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs að málefni skólamunasafns Austurbæjarskóla yrðu á dagskrá fundar ráðsins í dag. Hver er ástæða þess að málefni safnsins eru ekki á dagskrá fundarins?*

**Svar:**

Formaður ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs sem samþykkt var í borgarstjórn 18. júní 2019. Reynt er að koma til móts við óskir fulltrúa um umfjöllunarefni á fundum skóla- og frístundaráðs en stundum þarf að forgangsraða því hvaða mál fara á dagskrá hverju sinni. Þá getur það tekið tíma að safna gögnum um mál.